

## SAMÞYKKT

### um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík.

#### 1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverslana í Reykjavík. Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir, bifreiðastöðvar og bensínafgreiðslur.

Ef ágreiningur ris um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar borgarstjórn þar um að fenginni umsögn lögreglustjóra.

#### 2. gr.

Afgreiðslutími smásöluverslana í Reykjavík skal vera frjáls, að uppfylltum skilyrðum 3. og 4. greinar.

#### 3. gr.

Daglegur afgreiðslutími verslana er frá kl. 07.00—22.00, þó til kl. 23.00 á Þorláksmessu.

Borgarráð getur, að fenginni umsögn lögreglustjóra, heimilað að verslanir verði opnar á tímabilinu frá kl. 22.00—07.00, þegar um er að ræða söluturna eða sambærilega starfsemi. Með sama hætti getur borgarráð heimilað að slíkar verslanir verði opnar á tímabilinu frá kl. 07.00—22.00 þá daga sem um getur í b. og c. lið, 4. gr. og til kl. 16.00 aðfangadag jóla og gamlársgdag. Borgarráð skal gera, að fengnum tillögum Kaupmannasamtaka Íslands sérstakan vörulista þar sem tilgreint sé, hvaða vörur selja megi á þeim tíma sem um getur skv. þessari málsgrein.

Sækja skal um sérstakt leyfi til borgarráðs til að hafa opið á þeim tíma sem um getur skv. 2. málsgrein.

Heimilt er að hafa brauðbúðir og blómaverslanir opnar þá daga sem um ræði í b. lið, 4. gr. með sama hætti og virka daga.

#### 4. gr.

Um lokun sölustaða á einstökum helgidögum og hátíðisdögum gilda eftirfarandi reglur:

- a) Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, jóladag og nýársdag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.
- b) Alla sunnudaga, skírdag, annan í páskum, annan hvítasunnudag, sumardaginn fyrsta, 1. maí, uppstigningardag, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og annan jóladag skal sölustöðum lokað allan daginn, sbr. þó ákvæði 3. gr. og 7. gr.
- c) Aðfangadag jóla og gamlársgdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 12.00.

#### 5. gr.

Í sérhverri verslun skal auglýstur fastur afgreiðslutími hennar.

#### 6. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja varning, sem verslunarleyfi þarf til sölu á. Þó skal heimilt að afgreiða þá menn sem komnir eru í verslun eða sölustað, þegar lokað er.

#### 7. gr.

Borgarstjóri getur heimilað í einstökum tilvikum rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari, þegar hann telur sérstaka ástæðu til, m.a. þegar ágóði af sölu skal renna til almenningsheilla eða góðgerðastarfsemi. Sama gildir um verslanir sem selja minjagripi sem ætlaðir eru ferðamönnun.

## 8. gr.

Fyrir leyfi skv. 3. gr. skal greiða gjald í borgarsjóð skv. ákvörðun borgarráðs. Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem borgarráð og heilbrigðisráð setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga eða rekstur sölustaða þykir ekki fara vel úr hendi, getur borgarráð svipt leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Jafnframt má þá ákveða að leyfi verði ekki veitt til rekstrar á viðkomandi stað um tiltekinn tíma.

## 9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett með heimild í 1. gr. laga nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. sömu laga til að öðlast gildi 1. nóvember 1987 þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45 15. júní 1926, um almannafríð á helgidögum þjóðkirkjunnar, setja.

Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík o.fl. nr. 137/1971 með síðari breytingum.

*Félagsmálaráðuneytið, 22. október 1987.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Pórhildur Líndal.*

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Akureyrar.

## 1. gr.

Hitaveitan selur varmaorku úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Akureyrar.

## 2. gr.

Vatnsrennsli að hitakerfi húsa er takmarkað um hemla. Greiða skal árlegt aflgjald samkvæmt hemilstillingu, sem kaupandi ákveður og fer skriflega fram á við hitaveituna.

Neysluvatnslögn skal tengja fyrir framan hemil og fyrir aftan mæli.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. desember, þótt aflþörf verði minni hluta úr ári.

Gjaldtaka skal þó miðast við fyrsta dag næsta mánaðar eftir breytingu, þegar um hækkun hemilstillingar er að ræða.

Fyrir breytingu á hemilstillingu skal greiða skammtabreytingargjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

Mínsta breyting á hemilstillingu er 0,5 lír/mín (mínútulítri).

Lágmarksstilling hemils er einn ltr/mín.